

# Maðurinn er einn

Lag og texti: Bubbi Morthens

Maðurinn trúir hann sé herra móður jarðar

Jörðin er náma sem þarf að skila auð.

Maðurinn hann sveltir börn sinna bræðra

sem dreymir ekki gullið aðeins brauð.

Maðurinn trúir hann sé tæknilega greindur

telur sig inni og veit hvað er svalt.

Maðurinn er tengdur og trúir blint á netið

tilfinningalíf hans er flatt og kalt.

Maðurinn er einn, maðurinn er einn

og veröldin verður minni og minni.

Maðurinn hann telur ástina tímasóun

trúir á kynlífið nakið og hrátt.

Maðurinn leikur guð og grýtir eigið hjarta

glímir við sjálfan sig finnur enga sátt.

Maðurinn hann trúir á frægðina og frama

friðlaus í neyslunni tynir sjálfum sér.

Maðurinn gekk frá guði götuna breiðu

Guð minn ég bið þig ekki gleyma mér.

Maðurinn er einn, maðurinn er einn

og veröldin verður minni og minni.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Bubbi - Tvíburinn (2004)